



Alþingi
Erindi nr. P 133/929
komudagur 13.2.2007

Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga
Garðarsbraut 5, 640 Húsavík
Sími: 464-0415, Bréfsími: 464-0406,
tryggvi@atthing.is
www.atthing.is

Húsavík 12. febrúar 2007

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Tilvísun: Bréf dagsett 1. febrúar 2007 – Frumvarp til laga um Vatnajökulsþjóðgarð.

Almennt um þjóðgarða, svæðisbundin verkefni og sérstöðu í Þingeyjarsýslu

Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga hefur á undanförunum árum komið að nokkrum verkefnum er tengjast þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum og hugmyndum um stækkun eða breytingu á þjóðgarðinum/verndarsvæðum hér um slóðir. Eitt þessara viðfangsefna höfum við nefnt "Þjóðgarður og samfélag" en megintilgangur þess er að greina og nýta ýmis þau tækifæri sem þjóðgarðurinn eða önnur verndarsvæði og nálægð við þau gefa til atvinnusköpunar og eflingar byggðar. Áhersla er lögð á að styrkja núverandi byggð og búa enn fremur í haginn fyrir komandi kynslóðir sem byggja framtíð sína á auðindum landsins. Tilgangurinn er einnig að greina og nýta tækifæri til að tvíanna saman með margvíslegum hætti starfsemi og sérstöðu þjóðgarðs við annað sem fram fer innan samfélagsins eða héraðsins.

Atvinnuþróunarfélagið kemur einnig sem undirþátttakandi að norrænu verkefni, "*Spatial Planning in Northern Peripheral Regions*". Tilgangur verkefnisins er að skoða, bera saman og skiptast á reynslu varðandi áætlanagerð um þróun ákveðinna landssvæða, þar sem bæði er byggt á aðferðum hefðbundins landnotkunarskipulags og stefnumótunar um byggða- og atvinnuþróun. Landnýting í forni þjóðgarða eða annarra verndarsvæða er einn þáttur sem þar er til umfjöllunar.

Þessi tvö dæmi um viðfangsefni auk margra stefnumótunar- og þróunarverkefna með sveitarfélögum, stofnunum og fyrirtækjum á starfssvæði félagsins sýna að málefni þjóðgarða hafa verið mjög til athugunar og umfjöllunar með einum eða öðrum hætti.

Miðað við meginhlutverk félagsins horfum við á hugmyndir um Vatnajökulsþjóðgarð fyrst og fremst út frá forsendum atvinnu- og byggðamála. Út frá þeim sjónarhól hefðum við kosið og talið rétt með framgang verkefnisins í huga að það hefði verið unnið enn frekar með heimaaðilum, t.d. þróunarfélögum án þess að á nokkurn hátt sé verið að kasta rýrð á undirbúningsvinnu þeirra nefnda og starfsfólks sem að málinu hafa komið. Vissulega hafa hugmyndir verið kynntar á fyrri stigum en síður nú þegar hugmyndir hafa mótast frekar.

Á sama tíma hefur verið unnið að ýmsum hugmyndum og verkefnum hér á Norðausturlandi og það er mikilvægt að móta stórar og metnaðarfullar hugmyndir, sem Vatnajökulsþjóðgarður er, í samræmi og tengslum við aðrar stórar og metnaðarfullar hugmyndir. Það kemur okkur ekkert á óvart þegar kannanir sýna að meginþorri erlendra gesta horfa til náttúrunnar og sérstæðs landslags og jarðmyndanna þegar spurt er um áhrifaþætti heimsóknna. Því er uppbygging á ferðaþjónustu sem byggir á náttúruskoðun í víðustu mynd (allt árið um kring) eitt af því sem horft er til gagnvart atvinnuuppbyggingu hér. Spurningin sem við hljótum þá að velta fyrir okkur nú er um leiðir.

Hér má vissulega velta fyrir sér hvort ekki væri eðlilegt og heppilegt forgangsriðun að taka skipulagsmálin fyrir áður en ráðist er í mjög víðáttumiklar hugmyndir sem Vatnajökulsþjóðgarður er (eins og hann hefur verið útfærður í undirbúningi). Skipulagsvinna skipulagsheilda gefur tilefni til að greina styrkleika og tækifæri hvers svæðis og taka á mikilvægum spurningum og móta m.a. stefnu um landnýtingu til lengri tíma. Með því fæst m.a. samræmd heildarmynd sem allir eða a.m.k. flestir eru sammála um og vinna að.

Á starfssvæði AP hefur átt sér stað margvísleg þróunarvinna sem m.a. tengist ferðaþjónustu (þjónusta og viðskipti). Meiri afþreying, meira framboð á þjónustu, aukin áhersla á útivist og náttúruskoðun, greining á styrkleikum og tækifærum, hugmyndavinna um skipulag og stefnumótun til lengri tíma. Enn fremur greining og styrking á innra skipulagi eftir því sem

aðstæður leyfa en þar eru enn mikil verkefni óunnin. Vegagerð er þar t.d. stór þáttur en það er kunnara en frá þurfi að segja að við Þingeyingar erum orðnir langeygir eftir vegi meðfram Jökulsá á Fjöllum (oft nefndur Dettifossvegur). Og enn virðist ætla að verða bið á þessu mikilvæga verkefni og enn tapar því atvinnufífið hér á svæðinu, þar með samfélagið hér og þjóðfélagið allt!

Það læðist auðvitað að okkur sú spurning hvort ekki sé rétt að ljúka við þau verkefni sem hafa staðið til í alltof langan tíma (eins og áður nefndan veg og fleira mætti nefna) áður en farið er að ræða nýja áfanga í þessum málum. Halda áfram að hlúa að, byggja upp og treysta rekstur á þeim svæðum sem nú þegar eru undir, hvort sem þau bera heitið þjóðgarður, friðland eða annað. Svo ekki sé nú minnst á sérstöðu Mývatnssveitar sem mikils aðdráttarafis um leið og það er stórmerkilegt svæði sem nýtur verndar með sériögum en samt vantar enn mikið upp á að grunnþjónusta við fjölmarga gesti sé viðunandi.

Ef áform um Vatnajökulsþjóðgarð þýða að meiri fjárfesting verður raunverulega í grunnþáttum og innra skipulagi þess svæðis, þá er það vel.

Aðstæður eru mismunandi eftir því hvar horft er umhverfis Vatnajökul. Aðkomuleiðir að jöklinum og allar landstærðir eru mun meiri norðan megin en sunnan. Mjög stórt svæði er frá norðurrönd jökulsins að byggð og þeirri starfsemi sem nú er til staðar. Vatnajökull er þannig ekki sama sérkenni hér og t.d. sunnan jökulsins. Við hljótum því að velta fyrir okkur gefnum forsendum um aukin umsvif, fjölda gesta og stærð tækifæris ef áherslan færast yfir á Vatnajökul.

Nú má ekki skilja þessi orð þannig að við gerum ekki ráð fyrir áframhaldandi þróun og fjölgun ferðamanna í Þingeyjarsýslu. Þvert á móti, það mun gerast hvort sem Vatnajökulsþjóðgarður verður stofnaður eða ekki! Hugtakið þjóðgarður ber hinsvegar almennt með sér ákveðna mynd gæða og tiltekinna þjónustu í formi fræðslu og skipulags og vegna þessa felast efnahagsleg og byggðaleg tækifæri í þessum áformum ef vel verður að verki staðið.

Hér er líka rétt að koma inn á hugmyndir sem ræddar hafa verið um einskona "eldfjallagarð", samfellt svæði sem næði frá Öskju norður um Jökulsárgljúfur, Öxarfjörð og Melrakkasléttu. Mývatnssveit er þar að sjálfsögðu meðtalinn. Ekki hefur unnist tími til að útfæra þetta í smáatriðum en þarna erum við að tala um sérkenni þessa landshluta (jarðfræði, eldgosakerfi) og án efa einhver stórkostlegustu myndir þessarar gerðar. Með þessu erum við alls ekki að draga úr sérstöðu annarra hliðstæðra svæða t.d. suðvestan Vatnajökuls en benda á að það hafa fleiri hugmyndir verið til skoðunar. Það eru til fleiri valkostir en þjóðgarður.

Nánar um frumvarpið

Um I kafla

Metnaðarfull hugmynd um Vatnajökulsþjóðgarð er mikið tækifæri. Verkefnið er af þeirri stærðargráðu að það hlýtur að kalla á mjög vandaðan undirbúning og fullbúna stefnumótun og nýtingaráætlun (samanber viðskiptaáætlun þegar fyrirtæki eða sambærilegar hugmyndir eru undirbúnar). Að okkar mati er rétt að vinna áætlanir (verndaráætlun sbr texta í frumvarpi, einnig hægt að tala um skipulagsáætlun, nýtingaráætlun, stefnumótun) áður en lengra er haldið. Með því móti er heildarmyndin mótuð áður en lagt er af stað því að öðrum kosti eru aðilar málsins að mörgu leyti með "óútfylltan tékka" t.d. hvað kostnað varðar.

Ekki er hægt að horfa á frumvarpið án þess að litið sé til forsendna sem að baki því liggja m.a. í undirbúningsskýrslum. Margvíslegar spurningar hafa komið fram og sumum hefur ekki verið svarað enn þrátt fyrir mikla undirbúningsvinnu. Dæmi um þetta er hvernig getum við nýtt hálendið norðan Vatnajökuls með sjálfbærum hætti og verndun náttúrunnar að leiðarljósi, en til hagsbóta fyrir byggðirnar sem liggja að svæðinu? Hvernig samgöngur eiga að vera inn á hálendið, hvernig vegakerfi? Aðgengi fyrir alla og þar með mikinn og vaxandi fjölda fólks, eða halda svæðinu áfram frekar "fáförnu". Þetta eru allt mikilvægar spurningar sem þarf að skoða mjög vel og móta stefnu með sett meginmarkmið að leiðarljósi.

Ef áform um Vatnajökulsþjóðgarð verða að veruleika í þeirri mynd sem lagt er upp með verður hér um að ræða stærsta þjóðgarð Evrópu. Það er býsna stórt verkefni fyrir litla þjóð að takast

á við. Í því ljósi er mikilvægt að átta sig á hvað það þýðir til lengri tíma ef vel á að standa að málum s.s. skýra stefnumótun, verulegan kostnað, gott skipulag og markvissa stjórnun.

Í lögnum eru markmið og tilgangur með stofnun þjóðgarðsins tíunduð en í samræmi við það sem komið hefur fram hér að ofan, og þær "gulrætur" sem sýndar eru í þeirri skýrslu sem frumvarpið byggir m.a. á, hljótum við að kalla líka eftir byggðalegum og efnahagslegum markmiðum. Verkefnið snýst um tiltekna tegund landnýtingar (verndun og nýtingu) en hlýtur að eiga að hafa efnahagslegan og samfélagslegan tilgang eins og umhverfislegan.

Í dag erum við með nokkur verndarsvæði á okkar starfssvæði og því má velta fyrir sér hvort þau sem "klasi" og í takt við mikið og stórbrotið land umhverfis sé ekki nægilegt verkefni til að byggja á í næsta áfanga. Taka ekki fyrir stærri áfanga en hægt er að ráða við með góðu móti.

Kröfur ríkisins vegna þjóðlendna hafa sett marga hér á svæðinu í handbremsu svo ekki sé nú fastara að orði kveðið og í því ljósi væri að mörgu leyti skynsamlegt að fresta gildistöku þessa frumvarps eða breyta amk forsendum þess og miða þá í þessum áfanga við suðurhlutann.

Um II kafla

Af frumvarpinu er ekki hægt að lesa annað en að hér sé í raun um fjóra þjóðgarða að ræða sem samt eru settir undir einn hatt. Stjórnfyrirkomulagið gæti því orðið nokkuð flókið. Því læðist að okkur sá grunur að hér sé um málamiðlun að ræða og enn og aftur má velta því upp hvort meginhugmyndin sé enn nógu vel mótuð. Er ekki eðlilegra að byggja upp slíkar hugmyndir "bottom up", í tengslum og samstarfi við heimaaðila á hverju svæði og byggja þá á samræmdri sýn og styrkleikum hvers skipulagsheildar? Hvað okkar svæði varðar vantar enn upp á slíka vinnu.

Áhersla er lögð á aðkomu heimaaðila sem er vel en á tímum sífellt aukinnar miðstýringar má velta því fyrir sér hvernig þetta muni virka í raun. Enn og aftur komum við að því að það þarf að ljúka við alla áætlunargerð og nánari stefnumótun áður en lagt er af stað. Reynslan segir okkur að slík áætlunargerð og mótun stefnu og skipulags gæti dregist meira en áætlað er.

Á tímum áherslu á aukin verkefni á sveitarfélagastigi hljótum við að velta því upp hér að sveitarfélögum eða samstarfsvettangi þeirra verði falinn rekstur rekstrarsvæða/þjóðgarðsins. Vel skilgreindur þjónustusamningur við ríkið hlýtur að geta innifalið nauðsynleg stjórnunarleg og gæðaleg atriði.

Í kaflanum er talað um verndaráætlun eins og víðar í frumvarpinu en við teljum eðlilegt að slík áætlunargerð taki mið af fleiri mikilvægum þáttum en verndun s.s. nýtingu, efnahagslegum þáttum og þjónustustigi. Enn og aftur teljum við mikilvægt að þessi áætlun liggi fyrir áður en umrætt frumvarp tekur gildi eða hugmyndin verður að veruleika.

Talað er um fjóra þjóðgarðsverði þ.e. einn á hverju svæði. Um hvað er þá verið að tala? Klasa þjóðgarða/verndarsvæða? Hver er þá munurinn á því og aðstæðum núna með öll þau svæði sem við höfum undir og sumum finnst tæplega nægilega vel að staðið.

Um III kafla

Enn er vísað í mikilvægi þess að áætlunargerð verði gerð strax áður en frekar er aðhafst. Það er öllum hagsmunaaðilum fyrir bestu og framgangi verkefnisins líka. Lærum nú af reynslu síðustu áratugina.

Um IV kafla

Þegar fjallað er um hugmyndir um þjóðgarðinn kemur upp í hugann sú staðreynd að mikil ánauð af sandi er sunnan byggða við Mývatn og Bárðardal sem á m.a. upptök frá jökuljaðri (í langan tíma). Gríðarleg vinna Landgræðslunnar, landeigenda og félagasamtaka hefur orðið til þess að bægja frá sandi sem sífellt hefur leitað og leitar enn til norðurs yfir á gróðursvæði sem mörg hver eiga í vök að verjast. Þá hafa ýmsar náttúruperlur átt framtíð sína undir því að gripið hefur verið inn í atburðarrás náttúrunnar. Eitt dæmi um þetta er að Dimmuborgir voru lengi vel í hættu að fyllast af sandi. Í fullkomnum landgræðsluheimi myndum við hugsanlega

reyna að ráðast á þetta vandamál þar sem upptökin eru helst þ.e. norðan við jökulinn, í stað þess að reyna af fremsta megni að damla gegn sandbylnum norðan frá.

Í ljósi 14. greinar má velta fyrir sér hvað felst í "spjöllum á landslagi" svo dæmi sé tekið en vissulega er þar gert ráð fyrir undantekningum sem er mikilvægt. Sandauðn getur í sjálfu sér verið augnayndi út af fyrir sig en sandur getur samt seint orðið annað en vandamál hvort sem horft er til gróðureyðingar, eyðilegging á náttúrumyndunum, sandfoks á ökuleiðir eða skerðing á útsýni á annars björtum sumardegjum. Hér verður að gæta meðalhófs og skynsemi og komi sá tími að við höfum ráð og tækni til að græða upp einhver svæði sunnan byggða þá hljótum við að vilja tryggja að slíkt sé hægt.

Um V kafli

Hvað með aðra þjónustu innan þjóðgarðsins en gestastofur og upplýsingamiðstöðvar? Höfum í huga að áætlað er að taka mjög stórt landssvæði undir þjóðgarðinn og í dag gildir sú meginsteftna að virðisaukandi þjónusta eigi að vera utan þjóðgarðsmarka. Þetta er mjög mikilvægt atriði og væri t.d. hægt að taka á í stefnumótandi áætlun og skipulagsgerð. Hér er um lykilaatriði að ræða.

Almennt er mikilvægt að atvinnulífið í nágrenni þjóðgarðs eða fyrirhugaðrar útvíkkunar vermdarsvæða sé haft með í ráðum við undirbúning, skipulag og stjórnum. Þetta eru aðilarnir sem eru jú m.a. notaðir sem neytendur "gulrótarinnar" þ.e. vaxandi fjölda ferðafólks um svæðið.


Um VIII kafli

Erfitt er að sjá hvernig hugmyndir um gjaldtöku geta gengið eftir m.a. út frá stærð svæðis og fjölda innkomuleiða. Einhverskonar tæknivædd sjálfvirkni kemur eflaust til greina en höfum í huga að það er verið að reka mörg önnur svæði sem byggja á náttúruperlum þar sem veruleg þörf er fyrir meiri tekjur til að standa undir betri þjónustu, uppbyggingu og verndun. Mývatnssveit er hér enn og aftur dregin fram sem dæmi um þetta. Í þessu ljósi mætti hugsanlega skoða á ný hugmynd um "gistigjald" í einhverri mynd eða umhverfisgjald sem væri með einhverjum hætti rúkað þegar gestir koma til landsins.

Að auki teljum við rétt að draga hér fram að miðað við gefnar forsendur um stofnkostnað og rekstur á Vatnajökulsþjóðgarði, teljum við að þessar tölur séu verulega vanmetnar. Það er ekki hægt að vinna að þessum hugmyndum af alvöru nema að taka alla myndina inn í dæmið. Kostnaður t.d. við vegalagningu, stíga og þess háttar er hluti af stofnkostnaði þjóðgarðsins. Einfaldlega hluti af því skipulagi sem á að ríkjja.

Miðað við gefnar forsendur í skýrslu um fjölda heilsársstarfa teljum við þörfina vanmetna og kostnaðinn þar með. Hér verður m.a. að hafa í huga áherslu ferðaþjónustunnar á að lengja ferðamanna tímann og í því skyni minnum við sérstaklega á metnaðarfullt vekefni (Snow Magic) í Mývatnssveit og nágrenni sem hefur vakið mikla athygli. Þessi eðlilega þróun, að stuðla að heilsársþjónustu, kallar á samsvarandi þróun í rekstri þjóðgarðsins og þar með frekari fjölgun heilsársstarfa.

Viðingarfylst,
f.h. Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga


Tryggvi Finnsson
-framkvæmdastjóri-